



Skipulagsnefnd - 30.03.2015

10. fundur

30. mars 2015, kl 13:00-15:00

Fundarstaður: Hótel Reyhlið.

Fundarmenn:

Helgi Héðinsson, formaður

Birgir Steingrímsson

Guðrún Brynleifsdóttir

Pétur Snæbjörnsson

Selma Ásmundsdóttir

Starfsmenn:

Bjarni Reykjafín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. Geiteyjarströnd 1. Aðal- og deiliskipulag
2. Dimmuborgir. Breyting á deiliskipulagi.
3. Umferðaröryggismál.
4. Þéttbýli Reykjahlíðar. Úthlutun lóða.

1. Geiteyjarströnd. Tillaga að deiliskipulagi og breyting á aðalskipulagi.

S20130202

Tekið fyrir að nýju, en málið var síðast á dagskrá nefndarinnar 12. janúar s.l. Sveitarstjórn samþykkti þann 12. nóvember 2014 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi og samsvarandi tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 skv. 1. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögunum var breytt lítillega vegna athugasemda sem frama komu við yfirferð Skipulagsstofnunar og Minjastofnunar Íslands, en þær voru síðan auglýstar frá og með 13. febrúar til og með 27. mars.

Engar athugasemdir bárust við hinum auglýstu tillögum en umsagnir án athugasemda bárust frá Umhverfisstofnun, Vegagerðinni og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Eftirfarandi umsögn barst frá minjaverði Norðurlands eystra. „Undirritaður getur fallist á skipulagstillöguna að því gefnu að tryggt sé að fullt tillit verði tekið til þeirra ráðstafana sem

að stöðuleyfið yrði ekki framlengt og framkvæmdin væri alfarið á ábyrgð umsækjanda og veitti engan frekari rétt en þann sem stöðuleyfið nærði til. Gerð var krafa um að ráðist yrði strax í gerð deiliskipulags og í því deiliskipulagi gert ráð fyrir umræddu húsi.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki að tillaga að breytingu á deiliskipulagi þjónustusvæðis **338-V** við Dimmuborgir verði auglýst eins og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um þegar gerðar hafa verið breytingar á tillögunni skv. umræðum á fundinum. Jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falin málsmeðferð vegna auglýsingarinnar eins og fyrrgreind lög mæla fyrir um.

3. Umferðaröryggi við Mývatn. Minnisblað.

S20150302

Lagt fram til kynningar minnsblað frá fundi oddvita og sveitarstjóra með fulltrúum Vegagerðarinnar, *Umferðaröryggi við Mývatn*, dags 3. júlí 2013. Helstu umræðuefni voru eftirfarandi:

1. Hraðahindrun á þjóðvegi 1 móts við veg 858.
2. Gangbraut og gangbrautarkerki móts við Hótel Reynihlíð og Mývatnsstofu.
3. Gangbraut og gangbrautarkerki í Vogum móts við Björk og/eða Vogafjosið.
4. Skútustaðir. (Færsla hringvegur á milli Sel hótels og Hótel Gígs).
5. Vindbelgur. Bílastæði.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að sveitarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að framfylgja niðurstöðum af fyrrnefndum fundi og leita samþykkis landeigenda í þeim tilfellum sem samþykki þeirra þarf til að koma úrbótum í umferðaröryggismálum til framkvæmda. Þá leggur nefndin til að sett verði merki „bannað leggja eða stöðva ökutæki“ í Markhrauni og annars staðar þar sem mikið er um blindhæðir og blindbeygjur. Einnig að vakin verði sérstök athygli á hjólandi og gangandi umferð á þjóðveginum og að áningarstaðir verði merktir sérstaklega.

4. Þéttbýli Reykjahlíðar. Úthlutun lóða.

S20120204

Lögð fram gögn vegna auglýsingar á nýjum íbúða-, iðnaðar- og athafnalóðum í þéttbýlinu í Reykjahlíð sem stendur til að úthluta á næstunni. Um er að ræða átján lóðir með 35 íbúðum fyrir einnar hæðar einbýlishús, parhús og raðhús með 35 íbúðum og tvær athafna- og iðnaðarlóðir á svæðinu vestan Múlavegar.

Skipulagsnefnd samþykkir framlögð gögn og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa lóðirnar lausar til úthlutunar

Fundi slitið

Helgi H.
Selma D. Amundsdóttir
Andri Þ. Þorsteinsson
Pjetur Pjetursson
Björgu Steingrimsdóttur

Minjastofnun Íslands kann að fara fram á vegna fornleifanna. Þessar ráðstafanir geta falið í sér kvöð til fornleifarannsókna og / eða einhverjar breytingar á staðsetningu mannvirkja“.

Helgi Héðinsson vék af fundi og tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd samþykkir að eftirfarandi kafla verði brætt inn í deiliskipulagsgreinargerðina vegna tilmæla minjavarðar Norðurlands eystra:

Fornleifar:

Áður en ráðist verður í framkvæmdir skal tryggt að fullt tillit verði tekið til þeirra ráðstafana sem Minjastofnun Íslands kann að fara fram á vegna fornleifanna á skipulagssvæðinu. Þessar ráðstafanir geta falið í sér kvöð til fornleifarannsókna og / eða einhverjar breytingar á staðsetningu mannvirkja.

Vakin er athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagstillagan verði samþykkt svo breytt og jafnframt verði samþykkt samsvarandi tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Þá leggur nefndin til við sveitarstjórn að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falin málsmeðferð vegna gildistöku tillagnanna eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

2. Dimmuborgir. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi. S20140301

Erindi dags. 26. mars 2015 frá Daða Lange Friðrikssyni f. h. Landgræðslunnar þar sem óskað er eftir breytingu á deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis við Dimmuborgir skv. meðfylgjandi tillögu frá Mannviti verkfræðistofu á Húsavík. Svæðið er skilgreint sem **338-V** (verslunar- og þjónustusvæði, samtals 2,9 ha) í Aðalskipulagi Skútusstaðahrepps 2011-2023.

Helstu breytingar frá gildandi deiliskipulagi eru eftirfarandi:

1. Byggingarreitur þjónustuhúss er stækkaður og í stað eins húss verði heimilt að reisa fleiri hús innan reitsins þar á meðal eitt salernishús..
2. Gerð er tillaga að nýju bílastæði fyrir rútur og stærri bíla innan skipulagssvæðisins.
3. Mörkum deiliskipulagssvæðisins er breytt lítillega þannig að þau falli betur að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Erindið var áður tekið fyrir á fundi skipulags- og umhverfisnefndar 2. júní 2014. Á þeim fundi var veitt stöðuleyfi fyrir salernishúsi til eins árs eða til 1. júní 2015. Nefndin vakti athygli á því